

Fjarskiptastofa

Suðurlandsbraut 6

105 Reykjavík

Reykjavík 3. janúar 2024,

Umsögn um drög að kvöðum á heildsölumörkuðum fyrir staðaraðgang (3a) og miðlægan aðgang með fasttengingu (3b) og eftir aukasamráði um sértækar breytingar á drögum að mati á umtalsverðum markaðsstyrk á afmörkuðum landfræðilegum mörkuðum viðkomandi heildsölumarkaða

Ljósleiðarinn hf. („Ljósleiðarinn“, „félagið“) vísar til fyrri samskipta vegna ofangreinds málefnis.

Þá vísar félagið til fyrri athugasemda og þeirrar staðreyndar að álagning fyrirhugaðra kvaða byggir fyrst og síðast á niðurstöðu markaðsgreiningarinnar sem Fjarskiptastofa hefur þegar birt drög að og gefið markaðsaðilum tækifæri á að gera athugasemdir við. Eiga margar af þeim athugasemdum sem fram koma í bréfi Ljósleiðarans 16. október 2023 því hér við að breyttum breytanda.

Þá verður að benda enn og aftur er sá stutti tími sem aðilum er gefinn til að fara yfir drögin og gera athugasemdir aðfinnsluverður og ekki til eftirbreytni. Verður ekki annað ráðið en að ástæður þessa skamma frests stafi af frestum sem settir voru af kærunefnd fjarskipta- og póstmála í kjölfar þess að kærunefndin ógilti að hluta ákvörðun nr. 5/2021 og fól Fjarskiptastofu að vinna að breytingum á þeirri markaðsgreiningu er fóst í fyrrnefndri ákvörðun. Engin haldgóð rök finnast fyrir þessari ákvörðun. Eru vinnubrögð þessi ekki til eftirbreytni og fela ekki í sér góða stjórnsýslu í skilningi stjórnsýsluréttar.

Ljósleiðarinn ákvað í kjölfar þess, að Fjarskiptastofa lagði fram frumdrög að kvöðum sem áformað er að leggja á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á landfræðilegum mörkuðum viðkomandi heildsölumarkaða, að leita álits erlends sérfræðings á sviði Evrópsks fjarskiptaréttar, Tony Shortall hjá Telage í Brussel, á frumdrögum að kvöðum á heildsölumörkuðum fyrir framangreinda markaði. Auk þessa kynnti sérfræðingurinn sér fyrri hluta draga að markaðsgreiningu á heildsölumörkuðum fyrir staðaraðgang með fasttengingu og miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur og útnefningar fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk á landfræðilegum mörkuðum viðkomandi heildsölumarkaða auk athugasemda Ljósleiðarans þann 16. október 2023.

Fylgir álit sérfræðingsins hjá lagt með bréfi þessu og vísar Ljósleiðarinn til þess og gerir þær athugasemdir og ábendingar að sínum.

Að auki áréttar Ljósleiðarinn það sem fram kemur í fyrrnefndum athugasemdum félagsins þann 16. október 2023. Sem fyrr er það skoðun félagsins að Fjarskiptastofa hafi enn ekki rökstutt með fullnægjandi hætti þær umfangsmiklu breytingar sem nú eru fyrirhugaðar á markaðsgreiningunni. Þá er ljóst að ekki er lengur samhljómur milli afstöðu Samkeppniseftirlitsins og Fjarskiptastofu um skilgreiningu þeirra landfræðilegu markaða sem fjarskiptamarkaðir á Íslandi og telur Ljósleiðarinn það sú einfalda staðreynd muni kalla á enn frekari flækjur og óvissu á þessum mörkuðum til skemmri og lengri tíma.

Í samskiptum Ljósleiðarans og Fjarskiptastofu hefur komið fram að ein helsta ástæða þeirra miklu breytinga sem nú eru boðaðar á skilgreiningu landfræðilegra markaða sé þrýstingur og fyrirmæli frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) þar um. Þó að í reglugerð nr. 556/2023 sé að finna fyrirmæli um að Fjarskiptastofa skuli taka tillit til leiðbeininga ESA sem birtast í gildandi leiðbeiningum um markaðsgreiningu og mat á umtalsverðum markaðsstyrk í fjarskiptum segir þar jafnframt að Fjarskiptastofa skuli taka afstöðu til þess hvernig viðkomandi vöru- eða þjónustumarkaður er nánar afmarkaður miðað við innlendar aðstæður.

Telur Ljósleiðarinn að fjölmörg atriði sem þegar hefur verið bent á og einnig er bent á í áliti sérfræðingsins sem fylgir hjálagt bréfi þessu sýni að þær breytingar sem nú eru boðar á landfræðilegum mörkuðum er á mörgu leiti gallaðar og ekki nægilega vel ígrundaðar með tilliti til þeirra aðstæðna sem ríkja hér á landi. Að auki virðist vera að eftirlitsaðilum á sviði fjarskiptamála í hinum ýmsu Evrópuríkjum hafi gengið illa að vinna úr þeim hugmyndum sem nú virðast vera lagðar til grundvallar af hálfu Fjarskiptastofu, einkum með tilstuðlan ESA.

Í tengslum við skilgreiningu landfræðilegra markaða nægir hér að nefnda það sem fyrr var sagt um að nánast enga umfjöllun er að finna í drögum að markaðsgreiningunni um víxlverkun milli markaða 3a, 3b og mikilvægra aðlægra og tengdra markaða, [...]¹. Þessi ágalli kemur sömuleiðis niður á allri ákvarðanatöku og rökstuðningi fyrir álagningu kvaða á þessum mörkuðum.

¹ Trúnaðarmál.



Hins vegar tekur Ljósleiðarinn undir greiningu og niðurstöður Fjarskiptastofu á því hvort Míla, Ljósleiðarinn, Tengir og Austurljós uppfylli lagaskilyrði til að teljast hrein heildsölufyrirtæki í skilningi 59. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022. Ljósleiðarinn hefur haldið því fram lengi að Míla hafi aldrei og muni aldrei geta uppfyllt lagaskilyrði 59. gr. fjarskiptalaga, m.a. vegna hinna miklu lóðréttu tengsla sem er milli Mílu og Símans hf.

Að lokum vill Ljósleiðarinn benda á að langflest fjarskiptafyrirtæki hafa í gegnum áratugina miðað við og byggt upp kostnaðargrunn sem miðast við einn landfræðilegan markað, þ.e. allt landið. Boðaðar breytingar geta að mati Ljósleiðarans mögulega til þess að fram breytingar á verðlagningu fjarskiptaþjónustu eftir því hvort um er að ræða höfuðborgarsvæðið, smærri bæjarfélög eða dreifbýli þar sem kostnaðargrunnur fjarskiptaþjónustu verður nú að taka mið að hverjum og einum landfræðilega skilgreindum markaði.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Ljósleiðarans ehf.,

Einar Þórarinnsson